



ÁRSSKÝRSLA 2003



Skipulag Sláturfélags Suðurlands svf. 31.12.2003

Stjórn:

Páll Lýðsson, Litlu-Sandvík, Árnessýslu, formaður
Jónas Jónsson, Kálfholti, Rangárvallasýslu, varaformaður
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti, V-Skaftafellssýslu
Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, Borgarfjarðarsýslu
Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum, Kjósarsýslu

Varastjórn:

Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II, Árnessýslu
Kristinn Jónsson, Staðarbakka, Rangárvallasýslu
Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum I, V-Skaftafellssýslu
Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I, Borgarfjarðarsýslu
Guðmundur Jónsson, Reykjum, Kjósarsýslu

Félagskjörnir skoðunarmenn:

Arnór Karlsson, Arnarholti, Biskupstungnahreppi
Kristján Mikkelsen, Stóru-Mörk III, V-Eyjafjallahreppi

Varaskoðunarmenn:

Haraldur Sveinsson, Hrafnkelsstöðum, Hrunamannahreppi
Sveinbjörn Jónsson, Stóru-Mörk I, V-Eyjafjallahreppi

Forstjóri:

Steinþór Skúlason

Forstöðumenn aðaldeilda:

Hjalti H. Hjaltason, fjármáladeild
Guðmundur Svavarsson, framleiðsludeild
Hallgrímur Hólmsteinsson, markaðsdeild

Umsjón: Fjármáladeild SS

Hönnun: Think á Íslandi ehf.

Mynd á kápu: Skógarfoss / Rangárvallasýsla - NordicPhotos / Jóhannes Long

Ljósmyndir: Think á Íslandi ehf.

Prentvinnsla: Prentun ehf.

Prentað á umhverfisvænan pappír

Ársskýrsla 2003

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.
97. starfsár
AÐALFUNDUR 2. APRÍL 2004

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	2
Afkoma ársins	3
Rekstur megindeilda	4
Lykiltölur úr samstæðureikningi	8
Ársreikningur 2003	9
Áritanir	10
Rekstrarreikningur	11
Efnahagsreikningur	12
Sjóðstreymi	14
Skýringar með ársreikningi	15
Félagsdeildir og formenn	20
Starfshættir SS	21

ÁVARP FORSTJÓRA

Síðasta ár var tímabil sem lengi verður í minnum haft á innlendum kjötmarkaði. Innistæðulaus niðurboð á kjúklinga- og svínamarkaði náðu hámarki með tilheyrandi tjóni fyrir framleiðendur þessara kjötgreina og annarra í samkeppni.

Fjöldi einstaklinga og fyrirtækja hafa tapað öllu sínu og námskeiðið um hvernig ekki á að gera hlutina var mjög gagnlegt en dýrt.

Tímabundnar verðlækkanir munu ganga til baka enda verða þær að byggjast á hagræðingu og lækkun kostnaðar en ekki vera í boði kröfuhafa eftir að eigið fé er uppuríð.

Það jákvæða er að erfiðleikar hafa gefið möguleika á uppstokkun sem ella hefði tekið lengri tíma. Dæmi um þetta er fækkun sauðfjársláturhúsa og kjötvinnsla.

Rekstur Sláturfélagsins á liðnu ári leið fyrir þetta ástand. Í mörgum tilfellum valdi félagið að tapa sölu frekar en selja vörur undir kostnaði og lagði þess í stað áherslu á að draga úr rekstrarkostnaði. Verulegur árangur náðist á því sviði.

Aðstæður árið 2004 eru að mörgu leyti betri. Jafnvægi er að nást í flestum kjötgreinum og möguleiki á hóflegum vexti á eðlilegum rekstrarforsendum.

Það er viðamikilið verkefni að bæta rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага og samþætta innkaup og aðra rekstrarliði sem til hagræðingar eru.

Sláturfélagið er fjárhagslega sterkt og liggur fyrir því að nota stöðu sína til hagkvæms vaxtar á næstu árum.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.



AFKOMA ÁRSINS

Á árinu 2003 var tap af rekstri Sláturfélags Suðurlands 37,5 mkr. en árið áður var hagnaður 19,0 mkr.

Rekstrartekjur Sláturfélagsins á árinu 2003 voru 3.496,0 mkr. en 3.708,8 mkr. árið áður. Velta félagsins minnkaði því um 5,7% frá fyrra ári.

Rekstrargjöld námu 3.441,1 mkr. Þau lækkuðu um 5,5% á milli ára. Vöru- og umbúðanotkun var 1.941,6 mkr. og lækkaði um 8,9% frá fyrra ári. Laun og starfsmannakostnaður nam 846,3 mkr. og lækkaði um 0,4% frá árinu áður. Önnur rekstrargjöld námu 498,4 mkr. og lækkuðu um 1,8% frá fyrra ári. Afskriftir voru 154,8 mkr. sem er óbreytt frá fyrra ári.

Rekstrarhagnaður ársins án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 54,9 mkr. en var 65,5 mkr. árið áður. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 32,4 mkr. en á árinu á undan voru fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld 6,1 mkr. Undir fjármagnsliðum er 30,0 mkr. gjaldfærsla vegna niðurfærslu hlutabréfa í eigu félagsins en árið áður var hún 27,0 mkr. Tap af rekstri hlutdeildarféлага var 57,4 mkr. en 45,0 mkr. tap árið áður. Skattar voru 2,6 mkr. en voru 7,6 mkr. árið áður.

Í árslok 2003 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands bókfærðar á 2.844,7 mkr. og lækkuðu um 3,0% frá fyrra ári. Fastafjármunir voru 1.775,3 mkr. og lækkuðu um 1,6%. Veltufjármunir voru 1.069,4 mkr. og höfðu lækkað um 5,2%.

Eigið fé var 1.189,8 mkr. og hafði lækkað um 2,2% eða 26,9 mkr. Eiginfjárlutfall í lok ársins 2003 var 41,8% en var 41,5% á sama tíma árið áður. Langtímaskuldir og eftirlaunaskuldbinding voru 906,8 mkr. og skammtímaskuldir voru 748,1 mkr. Heildareignir Sláturfélagsins voru því fjármagnaðar þannig, að 26% voru skammtímalán, 32% voru langtímalán og eftirlaunaskuldbinding og eigið fé 42%. Veltufjárlutfall var 1,4 í árslok 2003, en var 1,3 í árslok 2002. Arðsemi eiginfjár rýrnaði að raunvirði um 3,1% á árinu 2003, en arðsemi ársins 2002 var 1,6%.

Ef reikningsskilin hefðu ekki verið verðleiðrétt hefði tap ársins orðið 6,8 mkr. hærra og eigið fé í árslok 64,5 mkr. lægra.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 100,2 mkr. á árinu, en fyrir 97,4 mkr. árið áður. Vegna fasteigna var varið 35,9 mkr., 45,8 mkr. til kaupa á framleiðsluvélum og tækjum, aðallega fyrir kjötvinnslu á Hvolsvelli og 18,5 mkr. vegna bifreiða. Á árinu voru seldir fastafjármunir fyrir 34,9 mkr.

Fjárfest var í félögum fyrir 50,6 mkr., en aukið var hlutafé í Guldfoss A/S og Ferskum kjötvörum.

Á haustmánuðum 2003 var undirritað samkomulag á milli KB banka hf. og SS Eigna ehf. dótturfélags Sláturfélagsins, um kaup SS Eigna ehf. á 100% hlut í Reykjagarði hf.


Til að bæta afkomu afurðadeildar var sláturhúsið að Laxá aflagt á árinu.

Veltufé frá rekstri var 189,0 mkr. árið 2003, samanborið við 171,3 mkr. árið 2002.

Í árslok 2003 störfuðu 293 starfsmenn hjá Sláturfélaginu og er það fækkun frá árinu áður, er þeir voru 296. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláturtíð voru 514 á launaskrá. Unnin ársverk 2003 voru 344 og hafði fjölgað um 5 frá árinu áður er þau voru 339.


Skráð viðskipti með hlutabréf Sláturfélagsins voru 6,2 mkr. á árinu 2003, en 4,2 mkr. árið áður. Gengi hlutabréfa Sláturfélagsins var 1,0 í árslok 2003, en 1,4 í upphafi árs.

Hlutfallsleg skipting rekstrartekna 2003




■ Kjötiðnaður	53,6%
■ Afurðadeild	29,9%
■ Heildsala	16,5%

Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda 2003



■ Vöru- og umbúðanotkun	56,4%
■ Laun og starfsm.k.	24,6%
■ Annar rekstrarkostnaður	14,5%
■ Afskriftir	4,5%

Gengisþróun hlutabréfa SS hjá VPÍ 22. maí 1996 - 4. mars 2004



AFURÐIR

SAUÐFÉ

Sumarslátrun hófst 28. júlí og var slátrað 15.632 kindum. Þann 15. september hófst haustslátrun á Klaustri og á Selfossi. Slátrun lauk 28. október á Klaustri og 18. desember á Selfossi. Haustslátrun var alls 122.284 fjár en önnur slátrun var 1.376 kindur. Alls var slátrað 139.292 kindum á árinu, 2.201 tonn, og af þeim voru 4.803 kindur heimtekna. Meðalþungi innlagðra dilka var 15,3 kg en árið 2002 var hann 14,8 kg.

Á árinu 2003 voru flutt út tæplega 323 tonn ígildi DIA. Birgðir kindakjöts í eigu afurðadeildar í lok ársins voru 1.846 tonn á móti 1.502 tonnum árið áður.

NAUT

Heildarslátrun nautgripa árið 2003 var 1.260 tonn af 7.705 sláturgripum og þar af var heimtaka rúmlega 28 tonn. Þetta er 36 tonna aukning frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2003 var 289,7 mkr. en var 287,9 mkr. árið 2002.

Heildarsala nautgripakjöts á árinu 2003 var 1.233 tonn en var 1.210 tonn árið 2002.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðadeildar voru í árslok 12 tonn en árið áður voru birgðir 5 tonn.

HROSS

Heildarslátrun hrossa árið 2003 var 364 tonn af 2.717 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 241 tonn. Þetta er 58 tonna samdráttur í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2003 var 14,1 mkr. en var 15,3 mkr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2003 var 98 tonn á móti 136 tonnum árið áður, þar af voru flutt út rúmlega 12 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðadeildar voru í árslok rúmlega 11 tonn en þær voru 15 tonn árið 2002.

SVÍN

Heildarslátrun svína árið 2003 var 933 tonn af 11.337 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 364 tonn.





Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 89,6 mkr. en var 204,1 mkr. árið áður.

Heildarsala svínakjöts á árinu 2003 var 667 tonn sem er 432 tonnum minni en árið 2002.

Birgðir svínakjöts í eigu afurðadeildar voru engar í árslok en voru 3,5 tonn í árslok 2002.

FJÖLDI SLÁTURFJÁR Á SLÁTURHÚS

	Fjöldi sláturfjár		Br. milli ára	
	2003	2002	stk.	%
Klaustur	27.472	27.066	406	1,5%
Selfoss	111.820	84.457	27.363	32,4%
Laxá	0	24.738	(24.738)	(100,0%)
Samtals	139.292	136.261	3.031	2,2%



AFURÐARDEILD

Sumarslátrun sauðfjár hófst 28. júlí og hefðbundin sláturtíð um miðjan september. Ákveðið var að úrelða sláturhúsið á Laxá í Leirársveit eftir 50 ára starfrækslu. Sú ákvörðun var sársaukafull fyrir innleggjendur og starfsfólk, en byggðist fyrst og fremst á rekstrarlegum forsendum og skilaði umtalsverðum ávinningi. Innleggjendur mættu þessari ákvörðun af miklum skilningi og það ber að þakka.

Lokun Laxár fylgdi mikil aukning slátrunar á Selfossi. Menn höfðu af því nokkrar áhyggjur í fyrstu að erfitt myndi reynast að koma svo miklu magni í gegnum Selfoss húsið, en þegar upp var staðið tókst það í flesta staði vel og var Íslandsmeti í fjölda sláturfjár fagnað hinn 27. nóvember. Nokkuð vantaði á að hægt væri að slátra af fullum krafti framan af sláturtíð á meðan fé var að skila sér af fjalli. Með fækkun sláturhúsa og í ljósi aukinnar útflutningskyldu er nauðsynlegt að geta hafið slátrun með fullum afköstum fyrr en um miðjan september, svo hægt sé að ljúka henni fyrir hrútafellingardag.

Á Kirkjubæjarklaustri var slátrun með hefðbundnu sniði og gekk með afbrigðum vel, enda starfar þar samvalinn hópur sem leggur metnað sinn í að gera hlutina fljótt og vel.

Garnir voru hirtar til útflutnings og er það þróunarverkefni sem staðið hefur undanfarin ár komið í fastar skorður og gengur vel.

Ferskt dillakjöt var flutt út til Danmerkur á meðan slátrun stóð yfir. Að þessu sinni var horfið frá flutningi með flugi en þess í stað þróaðar flutningsaðferðir með kæligámum í skipum. Varan var nú meira unnin í neytendaumbúðir hér heima en áður og skilar það auknum verðmætum. Áfram voru fluttar út frosnar afurðir, einkum úr slögum og frampörtum auk tölverðs magns af heilum skrokkum á Bretlandsmarkað.

Skoðunarmaður bandarískra stjórnvalda gerði úttekt á sauðfjársláturhúsinu á Selfossi og uppfyllti húsið kröfur til útflutnings á Bandaríkjamarkað. Einnig fékk hluti kjötvinnslunnar á Hvolsvelli leyfi til skurðar og pökkunar á fersku lambakjöti. Það er félaginu gríðarlega mikilvægt að hafa útflutningsleyfi á Bandaríkja- og Evrópumarkaði, en kröfur vaxa ár frá ári og sífellt erfiðara verður að uppfylla kröfur sem gerðar eru til húsa, búnaðar og eftirlitskerfa. Ljóst er að leggja þarf í verulegan kostnað á komandi árum til að unnt sé að uppfylla öll skilyrði.

Mönnun sláturhúsa félagsins gekk betur en undanfarin ár. Eins og áður starfaði þar fastur kjarni afburða starfsfólks, sem miðlar þekkingu og reynslu til þeirra sem óvanir eru. Erlendir starfsmenn komu til starfa í sláturhúsunum eins og undanfarin ár.

Nautgripaslátrun jókst milli ára. Biðlistar eru engir og er nú svo komið að útlit er fyrir skort á nautakjöti á komandi mánuðum. Talsverður samdráttur varð í svínaslátrun, einkum vegna minnkunar á verkakaslátrun. Hrossaslátrun dróst nokkuð saman enda hefur framboð á hrossum til slátrunar farið minnkandi. Erfiðlega gekk að afsetja folaldakjöt, en í gangi er tilraunaverkefni á sviði útflutnings á unnu folaldakjöti í samstarfi við Kjötframleiðendur ehf. Þá tók félagið þátt í mjög spennandi verkefni með þýsku líftæknifyrirtæki er byggist á vinnslu vaxtarhvata úr folaldabeinum.

Eins og á fyrra ári settu erfiðleikar á kjötmarkaði svip sinn á starfsemi afurðadeildar. Birgðir voru miklar í kindakjöti og mikill kostnaður féll á vöruna vegna flutninga og leigugeymslna. Verð á svínakjöti komst í sögulegt lágmark og fækkun varð í hópi þeirra bænda er leggja inn svín hjá félaginu. Því miður varð félagið, vegna aðstæðna á kjötmarkaði, að gefa nokkuð eftir í viðleitni sinni til að halda uppi afurðaverði. Nauðsynlegt reyndist að lækka verð til sauðfjárbænda milli ára. Staða félagsins í útflutningi miðað við fyrirliggjandi útflutningskvöð er nokkuð góð, en nokkuð vantar upp á að innanlandssala sé í jafnvægi.

Kostnaður við förgun sláturúrgangs vex ár frá ári. Félagið hefur komið með myndarlegum hætti að lausn þeirra mála á Suðurlandi m.a. með ábyrgðum og kaupum á hlutafé í verksmiðju Kjötmjöls, sem nú hefur verið úrskurðuð gjaldþrota. Það er með öllu óásættanlegt að ekki séu gerðar sambærilegar kröfur um meðhöndlun þessa úrgangs um allt land og þ.a.l. beri sunnlensk fyrirtæki í greininni mun meiri kostnað vegna þessa en fyrirtæki í öðrum landshlutum.



AÐRAR DEILDIR

Afkoma kjötiðnaðar batnaði nokkuð frá fyrra ári, en var samt sem áður undir getu. Ræður þar einkum stöðnun veltu vegna óvæginna samkeppni á markaði og hækkun ýmissa aðfanga. Ráðist var í umfangsmiklar aðgerðir til lækkunar kostnaðar og til aðlögunar að ríkjandi aðstæðum. Áfram er nauðsynlegt að gæta fyllsta aðhalds og sparnaðar.

Félagið hefur á að skipa vöskum hópi metnaðarfullra fagmanna í kjötiðnaði, sem standa sig vel í keppnum og vinna gott starf við framleiðslu á úrvals matvælum.

Aðstaða og búnaður kjötvinnslunnar á Hvolsvelli er með því besta sem þekkt. Vörumerki félagsins eru sterk og traust. Kjötiðnaður félagsins stendur því föstum fótum og félagið mun hér eftir sem hingað til verða leiðandi í matvælaíðnaði á Íslandi. Íslendingar treysta félaginu til að framleiða aðeins gæðamatvöru hverju sinni og standa þannig undir slagorðinu „Fremstir fyrir bragðið“.

Vöruþróun hefur ávallt skipað stóran sess í starfsemi Sláturfélagsins og var árið 2003 engin undantekning. Nýjungar í vöruframboði félagsins á síðasta ári voru talsverðar. Í lambakjöti kom á markað nýjung í helgarsteikarlínu SS, Kampavínslegin helgarsteik. Viðtökur voru strax mjög góðar og hefur sala aukist jafnt og þétt. Fyrir jólin var svo markaðssettur nýr léttreyktur Lúxushryggur úr lambakjöti. Þessi nýjung mæltist vel fyrir og seldist vel. Í svínakjöti bættust við nýjungar í Koníakslegna línu í grillkjöti, svínalundir og úrbeinaðar kótilettur. Einnig komu á markað Grísabjúgu á árinu. Áleggslína Sláturfélagsins hefur aukist í sölu jafnt og þétt og á árinu 2003 litu þó nokkrar nýjungar dagsins ljós. Kjúklingaálegg með kryddkornum og hvítlaukskeim, Hamborgarhryggur, Taðreykt sauðahangikjöt og Lúxusbeikon voru kynnt á árinu 2003 og hafa öll fengið góðar viðtökur neytenda. Í 1944 línunni var kynnt athyglisverð nýjung, Gúlassúpa. Þessi réttur hefur greinilega verið þekktur hjá landsmönnum því viðtökur hafa verið mjög góðar. Sláturfélagið hefur lagt áherslu á að nýjungar í 1944 línunni séu reglulegar og er ekki langt að bíða næstu nýjungar í ört stækandi vörulínu þessara rétta. Þessu til viðbótar voru Steiktar kjötfarsbollur, Bratwurstpýlsur og Grillsalat meðal nýjunga ársins 2003.

Sláturfélagið jók sölu í mikilvægustu flokkum framleiðsluvöru félagsins frá árinu áður. Samdráttur var þó í sölu á dilkakjöti vegna óhagstæðra aðstæðna á markaði. Áhersla var lögð á markaðsetningu á pylsum og skilaði sú vinna góðum árangri. Hörð samkeppni ríkti á pylsumarkaði eins og fyrri ár, en Sláturfélagið hélt sínum hlut og bætti um betur.

Sláturfélagið styrkti Bikarkeppni HSÍ sjötta árið í röð og er nú svo komið að keppnin þekkt varla nema undir heitinu “SS-bikarinn”. Bikarúrlitahelgin er líka farin að festa sig í sessi sem einn af meiriháttar íþróttaviðburðum ársins. Áfram verður unnið að því að styrkja HSÍ og vinna með þessa skemmtilegu keppni.

Innflutningsdeild félagsins stækkaði enn frekar á síðasta ári og margar áhugaverðar nýjungar voru markaðsettar á árinu. Á árinu 2003 bættist við ný vörulína í brauðgerðarefnum frá Wright's í Bretlandi. Sala hefur verið mjög góð og viðtökur markaðarins verið jákvæðar. Dolmio pastasósur eru jafnframt nýjung frá Marsfyrirtækinu, en Dolmio vörumerkið er það þekktasta í þessum flokki á Bretlandseyjum og víða um Evrópu. Það verður því spennandi að ná markaði fyrir þessa skemmtilegu nýjung hér á landi.

Sala á Norsk Hydro áburði jókst enn á milli ára og er hlutdeild félagsins á áburðarmarkaðnum orðin umtalsverð og stutt í að Sláturfélagið verði orðið markaðsleiðandi. Á undanföllum árum hefur verið byggt upp víðtækt þjónustunet í sölu- og dreifingu á landsvísi. Gæði einkorna áburðar eru framleiðendum afurða trygging fyrir kjarngóðri uppskeru.

Markaðs- og söludeild stækkaði á árinu 2003 þegar bætt var við Magnkaupadeild, deild sem sinnir nú sölu til mótuneyta, stórelldhúsa og veitingastaða. Áherslur Sláturfélagsins þurfa hverju sinni að taka mið af aðstæðum á markaði og því nauðsynlegt að þessi markaður fái meiri athygli. Þróun í öðrum löndum hefur verið í þá átt að stærri hluta matarpeninga er ráðstafað í máltíðir utan heimilins og því nauðsynlegt að fylgja þeirri þróun.



FJÖLDI SLÁTURFJÁR OG MEÐALÞUNGI DILKA

	2003		2002	
	stk.	kg.	stk.	kg.
Öræfadeild	4.540	15,8	3.965	15,4
Hörglandsdeild	7.373	15,4	6.590	14,5
Kirkjubæjardeild	7.275	15,6	7.717	14,9
Meðallandsdeild	3.771	14,9	2.859	13,6
Skafartungudeild	5.295	15,7	6.042	15,2
Álftaversdeild	2.651	16,2	2.085	15,4
Hvammsdeild	3.193	15,5	2.825	15,3
Dyrhóladeild	2.861	14,9	2.720	14,5
A-Eyjafjalladeild	1.739	15,1	1.888	14,8
V-Eyjafjalladeild	4.021	14,9	4.248	14,2
A-Landeyjadeild	3.053	14,3	2.179	13,9
V-Landeyjadeild	3.286	14,5	3.481	14,2
Fljótshlíðardeild	5.034	15,0	5.106	14,8
Hvolhreppsdeild	424	14,7	1.004	14,8
Rangárvalladeild	5.142	14,9	5.316	14,3
Landmannadeild	2.792	15,1	2.097	14,5
Holtadeild	2.830	14,9	3.326	15,3
Ásadeild	2.664	15,1	2.788	14,3
Djúpárdeild	1.529	14,6	1.338	14,0
Gaulverjabæjardeild	586	15,9	439	16,2
Stokkseyrardeild	474	15,2	168	15,4
Sandvíkurdeild	786	16,7	125	17,3
Hraungerðisdeild	1.456	16,1	1.741	15,6
Villingaholtsdeild	1.158	16,0	1.073	15,5
Skeiðadeild	1.367	15,1	1.530	14,8
Gnúpverjadeild	2.066	15,5	2.095	15,3
Hrunamannadeild	5.890	15,6	5.857	14,8
Biskupstungnadeild	3.887	15,9	4.123	15,0
Laugardalsdeild	959	16,3	914	15,9
Grímsnesdeild	4.344	15,0	4.477	14,5
Pingvalla- og Grafningsdeild	4.095	15,4	4.268	15,0
Ölfusdeild	1.939	15,6	2.688	15,1
Kjalarnes- og Mosfellsdeild	922	15,4	922	15,2
Kjósardeild	2.466	14,9	2.576	14,9
Hvalfjarðarstrandardeilddeild	1.761	15,4	1.737	15,3
Borgafjarðar- og Mýrardeild	8.936	14,7	4.006	14,5
Leirár- og Meladeild	3.381	15,2	2.625	15,0
Akranes- og Skilmannadeild	2.303	13,9	2.725	13,4
Snæfells- og Hnappadalsdeild	8.330	15,5	9.035	15,0
Daladeild	10.994	15,3	13.086	14,9
Utan deilda	1.719	16,5	2.537	14,8

LYKILTÖLUR

Rekstur	2003	2002	2001	2000	1999
<i>Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.</i>					
Rekstrartekjur	3.496,0	3.708,8	3.468,2	3.097,5	2.878,6
Rekstrargjöld án afskrifta	3.286,3	3.488,9	3.251,6	2.794,3	2.609,2
Afskriftir	154,8	154,4	147,0	136,1	124,0
Rekstrarhagnaður (tap)	54,9	65,5	69,6	167,1	145,4
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(32,4)	6,1	(124,3)	(68,2)	(15,2)
Hagnaður (tap) af rekstri hlutdeildarfélaganna	(57,4)	(45,0)	1,9	1,4	3,8
Hagn. (tap) fyrir skatta	(34,9)	26,6	(52,8)	100,3	134,0
Tekju- og eignarskattur	(2,6)	(7,6)	(5,8)	(9,8)	(10,9)
Hagnaður (tap) ársins	(37,5)	19,0	(58,6)	90,5	123,1
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri	189,0	171,3	159,7	269,5	242,7
Efnahagur 31. desember	2003	2002	2001	2000	1999
<i>Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.</i>					
Fastafjármunir	1.775,3	1.804,2	1.764,9	1.586,0	1.473,6
Veltufjármunir	1.069,4	1.127,6	1.159,8	935,0	773,4
Eignir samtals	2.844,7	2.931,8	2.924,7	2.521,0	2.247,0
Eigið fé	1.189,8	1.216,7	1.184,6	1.179,8	1.076,2
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	409,1	411,2	419,3	410,6	407,3
Langtímaskuldir	906,8	864,3	845,5	867,7	764,3
Skammtímaskuldir	748,1	850,8	894,6	473,5	406,5
Skuldir samtals	1.654,9	1.715,1	1.740,1	1.341,2	1.170,8
Kennitölur					
Hagn. (tap) sem hlutfall af rekstrartekjum	(1,1%)	0,5%	(1,7%)	2,9%	4,3%
Veltufjárhlutfall	1,4	1,3	1,3	2,0	1,9
Eiginfjárhlutfall	42%	42%	41%	47%	48%
Innra virði	2,9	3,0	2,8	2,9	2,6
Arðsemi eigin fjár	(3%)	2%	(5%)	8%	12%
Ársverk					
Unnin ársverk	344	339	340	339	336

Ársreikningur 2003

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Ársreikningur Sláturfélags Suðurlands svf. árið 2003 er gerður samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum og með hliðstæðum hætti og árið áður. Við gerð ársreikningsins er tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytingar á afkomu og efnahag félagsins. Að áliti stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á haustmánuðum 2003 var undirritað samkomulag á milli KB banka hf. og SS Eigna ehf., dótturfélags Sláturfélags Suðurlands svf., um kaup SS Eigna ehf. á 100% hlut í Reykjagarði hf. Ekki hefur verið gengið frá uppgjöri vegna nauðasamninga, skuldauppgjörs og skuldabreytinga vegna þessa ferils og því ekki hægt að gera samstæðureikningsskil sem taka til reksturs Reykjagarðs hf.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema rekstrartekjur ársins 3.496 millj.kr. Tap af rekstri félagsins á árinu nam 38 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 2.845 millj.kr. Bókfært eigið fé er í árslok 1.190 millj.kr. og er eiginfjárlutfall 41,8%.

Stofnsjóðseign í A-deild er í árslok 209 millj.kr. og eiga 2.210 aðilar yfir kr. 1.000 í stofnsjóði, en þeir voru 2.208 árið áður. Á árinu nam útborgað stofnfé að frádregnu innborguðu um 8,3 millj.kr. Stofnsjóðseign í B-deild er 200 millj.kr. sem skiptist á milli 601 aðila og fækkaði þeim um 17 frá síðasta ári. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar, en einn hluthafi á yfir 10% hlut í B-deild stofnsjóðs, Svinabúið Brautarholti ehf. með 23,87% hlut. Sláturfélag Suðurlands svf. á 3,99% hlut í B-deild stofnsjóðs.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að hvorki verði greiddur arður af B-deild stofnsjóðs né reiknaðir vextir af A-deild stofnsjóðs og að tap ársins 38 millj.kr. verði fært til lækkunar á eigin fé félagsins.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2004

Stjórn
Páll Lýðsson

Jónas Jónsson
Hreiðar Grímsson

Hallfreður Vilhjálmsson
Sigurlaug Jónsdóttir

Forstjóri
Steinþór Skúlason

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og eigenda Sláturfélags Suðurlands svf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum anmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2003, efnahag þess 31. desember 2003, og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 26. febrúar 2004

Deloitte hf.
Halldór Arason
Arnór Eggertsson

Félagskjörnir skoðunarmenn
Arnór Karlsson
Kristján Mikkelsen

REKSTRARREIKNINGUR

	Skýr.	2003	2002
Rekstrartekjur			
Sölutekjur		3.496.026	3.708.832
		<u>3.496.026</u>	<u>3.708.832</u>
Rekstrargjöld			
Vöru- og umbúðanotkun		1.941.573	2.131.878
Laun og tengd gjöld		846.296	849.556
Annar rekstrarkostnaður		498.444	507.446
Afskriftir	2.1.	154.817	154.431
		<u>3.441.130</u>	<u>3.643.311</u>
<i>Rekstrarhagnaður</i>		54.896	65.521
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	9.2.	(32.378)	6.054
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага ...	3.1.	<u>(57.399)</u>	<u>(44.973)</u>
<i>(Tap) hagnaður fyrir skatta</i>		(34.881)	26.602
Skattar			
Reiknaður tekju- og eignarskattur	6.1.	<u>(2.641)</u>	<u>(7.561)</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u><u>(37.522)</u></u>	<u><u>19.041</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2003	2002
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir og lóðir	2.2.	1.087.894	1.109.611
Vélar, áhöld og innréttingar		395.473	429.152
Bifreiðir		62.040	55.802
	2.1.	1.545.407	1.594.565
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutar í félögum	3.1.	127.353	166.663
Skuldabréfaeign	3.4.	102.527	43.010
		229.880	209.673
<i>Fastafjármunir</i>		1.775.287	1.804.238
Veltufjármunir			
Vörubirgðir			
Birgðir	1.6.	771.702	775.141
		771.702	775.141
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	1.5.	266.253	299.596
Skuldabréfaeign	1.5.	13.796	17.625
Aðrar skammtímakröfur		0	4.028
Fyrirframgreiðslur		1.463	5.885
		281.512	327.134
Handbært fé			
Bankainnstæður		16.221	25.342
		16.221	25.342
<i>Veltufjármunir</i>		1.069.435	1.127.617
Eignir		2.844.722	2.931.855

31. DESEMBER

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2003	2002
Eigið fé			
Stofnsjóður A-deild	4.1.	209.100	211.227
Stofnsjóður B-deild, hlutafé	4.1.	200.000	200.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		50.000	50.000
Annað eigið fé		571.584	596.380
<i>Eigið fé</i> 4.2.		<u>1.189.795</u>	<u>1.216.718</u>
Skuldbindingar			
Eftirlaunaskuldbinding	8.2.	49.600	47.914
<i>Skuldbindingar</i>		<u>49.600</u>	<u>47.914</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum		632.603	613.251
Skuldir í íslenskum krónum		441.911	478.448
	5.1.	<u>1.074.514</u>	<u>1.091.699</u>
Næsta árs afborgun	5.1.	(217.296)	(275.244)
		<u>857.218</u>	<u>816.455</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		191.354	257.877
Skuldir við lánastofnanir		335.859	313.212
Næsta árs afborganir langtímaskulda	5.1.	217.296	275.244
Skattar ársins	6.1.	3.600	4.435
		<u>748.109</u>	<u>850.768</u>
<i>Skuldir og skuldbindingar</i>		<u>1.654.927</u>	<u>1.715.137</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>2.844.722</u></u>	<u><u>2.931.855</u></u>

SJÓÐSTREYMI

	Skýr.	2003	2002
Handbært fé frá rekstri:			
(Tap) hagnaður ársins		(37.523)	19.041
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	2.1.	154.817	154.431
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	1.2.	(14.070)	(11.078)
Verðbætur og gengismunur eigna og skulda	1.3.	(5.371)	(63.456)
Skuldbindingar, breyting á árinu		1.686	352
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	3.1.	57.399	44.973
Tap af sölu fastafjármuna		2.032	33
Niðurfærsla á hlutabréfaeign	3.3.	30.000	27.000
Veltufé frá rekstri		<u>188.970</u>	<u>171.296</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Birgðir, lækkun		3.439	47.561
Skammtímakröfur, lækkun		41.792	4.222
Skammtímaskuldir, (lækkun)		(36.877)	(48.770)
		<u>8.354</u>	<u>3.013</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>197.324</u>	<u>174.309</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	2.1.	(100.155)	(97.426)
Breyting á eignarhlutum í félögum	3.2.	(50.626)	(133.317)
Söluverð fastafjármuna		34.922	8.121
Arður af hlutdeildarfélögum	3.2.	2.600	1.300
Skuldabréfaeign og aðrar kröfur, hækkun	3.2.	(54.271)	(21.220)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(167.530)</u>	<u>(242.542)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, (lækkun) hækkun		(7.834)	10.832
Tekin ný langtímalán		252.476	350.000
Afborganir langtímalána		(265.708)	(269.166)
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild	4.1.	(8.320)	(8.119)
Arður af stofnsjóði B-deildar	4.1.	(9.529)	0
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(38.915)</u>	<u>83.547</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé ...		(9.121)	15.314
Handbært fé í ársbyrjun		<u>25.342</u>	<u>10.028</u>
Handbært fé í árslok		<u>16.221</u>	<u>25.342</u>
Aðrar upplýsingar			
Greiddir vextir		81.154	101.544
Innheimtir vextir		62.157	60.839
Greiddir skattar		3.476	8.874

SKÝRINGAR

1. Reikningsskilaaðferðir

1.1. Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 144/1994 um ársreikninga. Með breytingum voru verðleiðréttingar laga um tekjuskatt og eignarskatt lagðar af frá og með 1. janúar 2002. Einnig voru afnumin ákvæði laga um ársreikninga sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er heimilt að færa sérstakt endurmat á eignir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í bráðabirgðaákvæði ársreikningalaga er félögum heimilað að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsára sem hefjast á árunum 2002 og 2003 í samræmi við þau ákvæði sem giltu fyrir lagabreytingarnar.

Sláturfélag Suðurlands svf. hefur ákveðið að nýta sér framangreint bráðabirgðaákvæði í ársreikningi þessum og verðleiðrétta reikningsskil félagsins. Ef reikningsskilin hefðu ekki verið verðleiðréttt hefði bókfært tap ársins orðið 6,8 millj.kr. hærra og eigið fé í árslok 64,5 millj.kr. lægra.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga.

1.2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn með verðbreytingarstuðli sem miðaður er við hækkun vísitölu neysluverðs á árinu og nemur hækkunin 2,72%.

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2002 er endurmetið með því að framreikna stofnverð þeirra og fengnar afskriftir til ársloka 2003. Afskriftir eigna eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði framreiknuði til meðalverðlags að teknu tilliti til eignarhaldstíma.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Staða peningalegra eigna og skulda í årsbyrjun að viðbætttri breytingu á árinu annars vegar og stöðunni í lok ársins hins vegar myndar reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 14,1 millj.kr. og er sú fjárhæð færð til tekna í rekstrarreikningi.

Mótfærsla endurmatshækkunar varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðra tekna vegna verðlagsbreytinga eru færðar yfir eigið fé í efnahagsreikningi sbr. skýringu 4.2.

1.3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 2003 og verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2004.

1.4. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

1.5. Viðskiptakröfur og skuldabréfaeign eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum og skuldabréfaeign í árslok í efnahagsreikningi.

1.6. Afurðabirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru eignfærðar á kostnaðar- og framleiðsluverði. Rekstrarvörubirgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

2.1. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld innréttingar	Bifreiðir	Samtals
Stofnverð 1.1.2003	2.195.941	1.575.032	136.945	3.907.918
Afskrifað 1.1.2003	(1.086.330)	(1.145.880)	(81.143)	(2.313.353)
Bókfært verð 1.1.2003	1.109.611	429.152	55.802	1.594.565
Eignfært á árinu.....	35.914	45.750	18.491	100.155
Endurmat ársins	29.644	11.206	1.608	42.458
Selt og aflagt á árinu	(28.225)	(7.019)	(1.710)	(36.954)
Afskriftir ársins.....	(59.050)	(83.616)	(12.151)	(154.817)
Bókfært verð 31.12.2003	<u>1.087.894</u>	<u>395.473</u>	<u>62.040</u>	<u>1.545.407</u>
Afskriftarhlutföll	2-4%	12-20%	8-15%	

2.2. Bókfært verð, fasteigna- og brunabótamat fasteigna greinist þannig:

	Bókfært verð 31.12.2003	Fasteignamat húsa 31.12.	Fasteignamat lóða 31.12.	Brunabóta- mat 31.12.
Fasteignir	<u>1.087.894</u>	<u>886.911</u>	<u>84.068</u>	<u>2.556.530</u>
	<u>1.087.894</u>	<u>886.911</u>	<u>84.068</u>	<u>2.556.530</u>

2.3. Vátryggingarverðmæti helstu eigna 1.1.2004:

Eignatrygging véla og tækja	954.222
Aðrar lausafjártryggingar	59.670
Birgðatryggingar	771.702
Rekstrarstöðvunartrygging	1.145.469

3. Áhættufé og langtímakröfur

- 3.1. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagunum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar Sláturfélagsins í bókfærðu eigin fé félaganna, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Yfirverð félaganna er fært niður á 3 - 5 árum. Félög sem tekin eru sem hlutdeildarfélag eru Ferskar kjötvörur hf., Ísfugl ehf., Hollt og Gott ehf. og Guldfoos A/S í Danmörku. Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði. Tap vegna hlutdeildarféлага nam á árinu 57,4 millj.kr.
- 3.2. Á árinu 2003 jók Sláturfélagið við hlutabréfaeign sína í Guldfoos A/S að fjárhæð 23,9 millj.kr., í Ferskum kjötvörum hf. um 26,7 millj.kr. og fengin var arður frá Hollu og Góðu ehf. að fjárhæð 2,6 millj.kr.
- 3.3. Í ársreikningnum er hlutabréfaeign færð niður í rekstrarreikningi um 30 millj.kr. vegna afskriftar á yfirverði.

3.4. Yfirlit skuldabréfaeignar:

	Vextir	Eftirstöðvar
Verðtryggð bréf.	5,5-8,6%	105.371
Óverðtryggð bréf.	10,0-12,0%	2.609
		<u>107.980</u>
Næsta árs afborgun.		(5.454)
		<u>102.526</u>

4. Eigið fé

4.1. Á árinu 2003 nam útborgað stofnfé úr stofnsjóði A-deildar 12,8 millj.kr. og innborgað stofnfé 5,1 millj.kr. Sláturfélag Suðurlands svf. á eigin bréf í B-deild stofnsjóðs að nafnverði um 8,0 millj.kr. sem eru færð meðal veltufjármuna í ársreikningnum. Á aðalfundi félagsins í apríl 2003 var samþykkt að greiða 5% arð af nafnverði hluta í B-deild stofnsjóðs alls 9,5 millj.kr. og reikna 3% vexti á A-deild stofnsjóðs alls 6,2 millj.kr.

4.2. Yfirlit eiginfjárreikninga:

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Yfirverðsr. hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé
Yfirfært frá fyrra ári	211.227	200.000	159.111	50.000	596.380
Stofnsjóðsgreiðslur A-deild . .	(7.701)				
Endurmat fastafjármuna					42.457
Endurm. eignarhl. í öðr. fél . .					63
Reikn. tekjur v. verðlagsbr. . .					(14.070)
Vextir af A-deild stofnsjóðs . .	6.194				(6.194)
Fjármagnstekjusk. A-deild . . .	(620)				
Arður af B-deild stofnsjóðs . .					(9.529)
Tap ársins					(37.523)
	<u>209.100</u>	<u>200.000</u>	<u>159.111</u>	<u>50.000</u>	<u>571.584</u>

5. Langtímaskuldir

5.1. Yfirlit um langtímaskuldir:

	Vextir	Eftirstöðvar
Lán í erlendri mynt:		
Lán í EUR.....	3,8%	191.982
Lán í USD.....	2,7%	183.635
Lán í CHF.....	2,1%	113.534
Lán í JPY.....	1,8%	73.883
Lán í GPB.....	5,3%	69.569
		<u>632.603</u>

Innlendar skuldir:

Verðtryggð lán.....	5,7-7,5%	441.911
Langtímaskuldir með næsta árs afborgunum		1.074.514
Næsta árs afborganir		(217.296)
		<u>857.218</u>

5.2. Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir og í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2003, en vaxtakjör skulda í erlendum gjaldmiðlum breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á erlendum lánamörkuðum.

5.3. Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu árum:

	Fjárhæð
Árið 2004	217.296
Árið 2005	165.172
Árið 2006	273.560
Árið 2007	284.782
Árið 2008 og síðar	133.704
	<u>1.074.514</u>

6. Skattamál

6.1. Skattar vegna rekstrarársins 2003 eru áætlaðir og færðir í ársreikninginn. Eignarskattur er reiknaður 0,6% af skattlegri eign í árslok eða um 3,6 millj.kr. Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna tapreksturs.

6.2. Yfirfæranlegt skattalegt tap nemur í árslok 2003 um 326 millj.kr. og er það nýtanlegt til ársins 2006 hið skemmsta.

7. Launamál

7.1. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2003	2002
	jan.-des.	jan.-des.
Laun	715.660	722.319
Launatengd gjöld	130.636	127.237
	<u>846.296</u>	<u>849.556</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	344	339

7.2. Launakjör stjórnenda og eignarhlutur sundurliðast þannig:

	Laun, hlunnindi og tengd gjöld	Eignarhlutur í B-deild
Páll Lýðsson, stjórnarformaður	506	100
Aðrir stjórnarmenn (fjórir)	1.411	216
Steinþór Skúlason, forstjóri	13.964	1.172
Forstöðumenn megindeilda (þrír).....	27.000	0
	<u>42.881</u>	<u>1.488</u>

8. Skuldbindingar

- 8.1. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess að eftirstöðvum 196 millj.kr. í árslok 2003.
- 8.2. Á félaginu hvílir skuldbinding vegna áunninna eftirlauna. Miðað við 3% vexti er núvirði eftirlaunaskuldbindingar 49,6 millj.kr. og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Samkvæmt útreikningum á eftirlaunaskuldbindingu ná greiðslur á henni allt til ársins 2017.
- 8.3. Félagið er með framvirka gjaldmiðlasamninga í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu, en þeir fela í sér skuldbindingar um gjaldeyrisviðskipti á föstu gengi. Framvirkir gjaldmiðlasamningar í lok árs 2003 eru að verðmæti um 173 millj.kr.

9. Önnur mál

- 9.1. Nú í haust var undirritað samkomulag á milli KB banka hf. og SS Eigna ehf., dótturfélags Sláturfélags Suðurlands svf., um kaup SS Eigna ehf. á 100% hlut í kjúklingaframleiðslufyrirtækinu Reykjagarði hf. Ekki hefur verið gengið frá uppgjöri vegna nauðasamninga, skuldauppgjörs og skuldabreytinga vegna þessa ferils og því ekki hægt að gera samstæðureikningsskil sem taka til reksturs Reykjagarðs hf.

- 9.2. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2003	2002
	jan.-des.	jan.-des.
Vaxtatekjur og verðbætur.....	63.449	61.481
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(87.753)	(99.200)
Gengismunur.....	7.856	59.694
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga.....	14.070	11.079
Niðurfærsla á bókfærðu verði hlutabréfaeignar.....	(30.000)	(27.000)
	<u>(32.378)</u>	<u>6.054</u>

- 9.3. Þóknun til endurskoðenda:

	2003
Endurskoðun ársreiknings.....	1.019
Könnun árshlutareikninga.....	1.159
Önnur þjónusta.....	1.248
Kjörnir skoðunarmenn.....	192
	<u>3.618</u>

FÉLAGSDEILDIR OG FORMENN 31.12.2003

HÖRGLANDSDEILD	Jón Jónsson, Prestsbakka
KIRKJUBÆJARDEILD	Kjartan Magnússon, Fagurhlíð
MEÐALLANDSDEILD	Guðni Runólfsson, Bakkakoti
SKAFTÁRTUNGUDEILD	Guðgeir Sumarliðason, Austurhlíð
ÁLFTAVERSDEILD	Salvar Júlíusson, Jórvík I
HVAMMSDEILD	Finnbogi Gunnarsson, Suður-Fossi
DYRHÓLADEILD	Einar Magnússon, Norður-Hvoli
A-EYJAFJALLADEILD	Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógar
V-EYJAFJALLADEILD	Baldur Björnsson, Fitjamýri
A-LANDEYJADEILD	Eiríkur Davíðsson, Kanastöðum
V-LANDEYJADEILD	Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni
FLJÓTSHLÍÐARDEILD	Kristinn Jónsson, Staðarbakka
HVOLHREPPSDEILD	Birkir Arnar Tómasson, Móeiðarhvoli II
RANGÁRVALLADEILD	Skúli Jónsson, Selalæk
LANDMANNADEILD	Páll Sigurjónsson, Galtalæk
HOLTADEILD	Hermann Sigurjónsson, Raftolti
ÁSADEILD	Ísleifur Jónasson, Kálfholti
DJÚPÁRDEILD	Óskar Ólafsson, Bjóluhjáleigu
GAULVERJABÆJARDEILD	Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli
STOKKSEYRARDEILD	Björn Harðarson, Holti I
SANDVÍKURDEILD	Gísli Geirsson, Byggðarhorni II
HRAUNGERÐISDEILD	Þormóður Ólafsson, Hjálmholti
VILLINGAHOLTSDEILD	Einar Hermundsson, Egilsstaðakoti
SKEIÐADEILD	Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II
GNÚPVERJADEILD	Hjalti Gunnarsson, Fossnesi
HRUNAMANNADEILD	Steinar Halldórsson, Auðsholti IV
BISKUPSTUNGNADDEILD	Kjartan Sveinsson, Bræðratungu
LAUGARDALSDEILD	Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum
GRÍMSNESDEILD	Tómas Brandsson, Ormsstöðum
ÞINGVALLADEILD	Ólöf Björg Einarsdóttir, Heiðarbæ I
GRAFNINGSDDEILD	Sigurður Hannesson, Villingavatni
ÖLFUSDEILD	Halldór Guðmundsson, Hvammi
MOSFELLSDEILD	Guðmundur Jónsson, Reykjum
KJALARNESDEILD	Haraldur Jónsson, Varmadal
KJÓSARDEILD	Hreiðar Grímsson, Grímsstöðum
HVALFJARÐARSTRANDARDEILD	Matthías Sigurðsson, Hrafnabjörgum I
BORGARFJARÐARDEILD	Sigurður Jakobsson, Varmalæk
LEIRÁR- OG MELADEILD	Sigurður Valgeirsson, Neðra-Skarði
SKILMANNADEILD	Hreinn Heiðar Oddsson, Litlu-Fellsöxl
AKRANESDEILD	Brynjólfur Ottesen, Ytra-Hólmi I

STARFSHÆTTIR SS

Í gegnum tíðina hafa skapast og verið skapaðar hefðir um það hvernig starfsmenn félagsins vinna að markmiðum sínum. Í samkeppni á markaði leggur félagið áherslu á eftirfarandi starfshætti sem mikilvæga eiginleika SS fólks.

Þessir starfshættir eru hluti af því sem við erum og með mikilvægari þáttum í rekstri félagsins sem stuðla að velgengni.

Starfsháttum okkar viljum við skipta í fimm þætti sem eru eftirfarandi :

FRUMKVÆÐI

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði. Frumkvæði til að gera nýja hluti, vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur. Jafnt stjórnendur sem aðrir starfsmenn. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun, sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

SAMVINNA

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda, samvinna starfsmanna skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Við stefnum fram á við og viljum vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

GÆÐI

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka. Standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

ÞJÓNUSTA

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti. Að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki. Styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

RÁÐDEILD

Við sýnum ráðdeild í rekstri og brúðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnuumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð.

Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.



Sláturfélag Suðurlands svf
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík